

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS


Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr. 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is/oes
Tölvufang: oes@hag.hi.is

Skýrsla nr. 98:03

Samgöngulíkan fyrir innanlandsflug

Skýrsla til Flugmálastjórnar

Nóvember 1998




Formáli

Í júní 1997 var samningur Flugmálastjórnar og Hagfræðistofnunar um að stofnunin tæki að sér að þróa líkan sem skoðaði val einstaklinga á samgöngumáta. Líkanið sem hér er sett fram byggir á annarri rannsókn þar sem skoðuð var staðsetning Reykjavíkurflugvallar. Í kjölfar útgáfu þeirrar skýrslu vaknaði áhugi á að útfæra það líkan nánar. Niðurstöður þeirrar vinnu eru birtar í þessari skýrslu þar sem skoðuð eru áhrif samgöngubóta á landi á innanlandsflug.

Rétt er að taká það fram, að viðfangsefni þessarar skýrslu er yfirgripsmikið og margbrotið. Til að unnt sé að framkvæma þá útreikninga sem gerðir eru er nauðsynlegt að gefa strangar forsendur sem hafa áhrif niðurstöður. Efnistök og niðurstöður skýrslunnar ber að skoða í þessu ljósi.

Skýrsluna vann Axel Hall, sérfræðingur á Hagfræðistofnun.

Hagfræðistofnun í júní 1998


Tryggvi Pór Herbertsson

forstöðumaður



Efnisyfirlit

Ágrip	5
English Summary	7
1. Inngangur	9
2. Fræðilegur grunnur.....	11
2.1 Tímavirði farþega og ferðaákvörðun.....	11
2.2 Kostnaðarbreyting þeirra sem aka.....	15
2.3 Breytingar á ferðamynstri.....	15
2.4 Aðferðir við mat á launadreifingu.....	19
2.5 Verðteygni eftirspurnar í innanlandsflugi.....	23
3. Helstu forsendur líkansins	26
3.1 Einkabifreið.....	26
3.1.1 Ferðatími og aksturskostnaður	26
3.1.2 Breytingar á vegakerfi	28
3.2 Flug.....	29
3.3 Greining ferðahraða og ferðatíma	31
3.4 Launadreifing	32
4. Niðurstöður.....	39
4.1 Jafnvægisgildi tímavirðis.....	39
4.2 Áhrif breytinga á vegakerfi á flugsamgöngur.....	40
4.3 Verðteygni eftirspurnar.....	41
4.4 Niðurstöður	42
5. Viðaukar	44
5.1 Viðauki A: Tímavirði	44
5.1.1 Nytjahámörkun	44
5.1.2 Val	44
5.2 Viðauki B: Gögnin	45
6. Heimildaskrá	62



Ágrip

Á hverjum tíma á sér stað hörð samkeppni milli innanlandsflugsins og einkabifreiðarinnar sem samgöngumáta. Breytingar á aðstæðum sem snerta innanlandsflug og bifreiðar breyta samkeppnisstöðunni milli þessara tveggja ferðamáta. Með opnum Hvalfjarðarganga mun óhjákvæmilega halla á innanlandsflugið þar sem vegalengdir á áfangastaði landleiðina frá Reykjavík munu styttast. Til þess að geta metið áhrif þessarar breytingar sem og annarra breytinga á vegakerfinu er í þessari skýrslu sett fram líkan þar sem tímavirði einstaklinga gegnir lykilhlutverki við val fólks á ferðatilhögun. Með framsetningu líkans og með ákveðnum forsendum eru reiknuð út áhrif nokkurra samgöngubóta á eftirspurn eftir flugi. Niðurstöður gefa til kynna að ef miðað er við þær aðstæður sem voru ríkjandi í byrjun árs 1997 muni samdráttur í innanlandsflugi verða á bilinu 0-18% í kjölfar opnunar Hvalfjarðarganga. Eins og sjá má í töflu 1.

1. TAFLA *Spá um samdrátt í innanlandsflugi í kjölfar opnunar Hvalfjarðarganga*

	Samdráttur
Vestmannaeyjar	0%
Pingeyri	5%
Sauðárkrúkur	18%
Flateyri	10%
Ísafjörður	9%
Akureyri	12%
Siglufjörður	11%
Húsavík	7%
Egilsstaðir	0%
Höfn í Hornafirði	0%

Rétt er að gera fyrirvara við þessar niðurstöður. Niðurstöðurnar eru að verulegu leyti háðar þeim forsendum sem gefnar eru í skýrslunni. Forsendur sem gefnar eru við mat á tímavirði hafa veruleg áhrif á niðurstöður. Í líkaninu er launadreifing notuð til grundvallar fyrir mat á tímavirði. Vera kann að önnur sjónarmið en laun ráði oft meiru þegar einstaklingar ákvæða tímavirði sitt. Enn fremur skiptir máli hvaða launadreifing er lögð til grundvallar við matið. Í skýrslunni eru einnig birtar niðurstöður um áhrif annarra samgöngubóta á landi á innanlandsflug. Samkvæmt niðurstöðum þessarar skýrslu má gera ráð fyrir að breytingar á vegakerfinu muni hafa allveruleg áhrif á innanlandsflug. Telja má líklegt að flugsamgöngur til nokkurra

áfangastaða þurfi að breytast verulega ef takast á að halda uppi flugsamgöngum á þá staði.

Að lokum er gerð tilraun til að meta verðnæmi eftirspurnar í innanlandsflugi. Niðurstöður þeirra útreikninga gefa til kynna að eftirspurn eftir flugi sé teygin að áhrif verðbreytinga á eftirspurn séu veruleg. Þannig reyndust áhrif 1% verðhækunar leiða til allt að 5% samdráttar í flugi á einstökum áfangastöðum. Samskonar fyrirvara ber að gera hér og að framan. Niðurstöðurnar eru að verulegu leyti undir því komnar hvaða mælikvarðar eru notaðir til að meta tímavirði einstaklinga. Þó gera megi ráð fyrir að laun einstaklinga ákvarði tímavirði þeirra að mestu leyti eru þó aðrir þættir sem skipta einnig nokkru máli

Niðurstöður þessarar skýrslu eru byggðar á verði sem ríkjandi var áður en sérleyfi á flugleiðum voru afnumin 1. júlí 1997. Síðan hefur verðið lækkað verulega á helstu flugleiðum. Um þessar mundir lítur út fyrir að verðið muni hækka á nýjan leik en erfitt er að spá um hversu mikið. Þannig getur endanleg niðurstaða orðið sú að verðið nái að einhverju leyti fyrra stigi. Því er ekki óraunhæft að nota verðið sem var í gildi fyrir lækkanirnar til grundvallar útreikningum þar sem reikna má með að það sé nær því verði sem verði til langframa fremur en það verð sem nú er í gildi.

Sá lerdómur sem draga má af þróun í flugmálum á síðasta ári er að líkanið ofmetur nokkuð áhrif verðbreytinga og samgöngubóta í flugi. Þetta oftnat á verðteygni virðist vera nokkuð ríkjandi hér lendis, þannig má ráða af aðgerðum flugfélaganna að áætlanir þeirra hafi gengið út frá mun meiri aukningu í innanlandsflugi við þær verðlækkanir sem gerðar voru. Verðlækkanirnar hlupu á tugum prósentu en fjölgun farþega var innan við 20%, sem gefur til kynna verðteygni sem er lægri en einn, það er verulegt frávik frá niðurstöðum þess mats sem birt er í skýrslunni.

Það er ljóst að þær breytur sem líkanið notar við matið eru mjög mikilvægar en það er enn fremur ljóst að aðrar breytur eru einnig mikilvægar við val á ferðamáta. Þannig er sú aðferð sem leggur greitt tímakaup einstaklinga til grundvallar tímavirði þeirra kannski of mikil einföldun í sjálfu sér. Reynsla síðasta árs sýnir að ef til vill er nauðsynlegt að taka tillit til fleiri breyta í líkani sem þessu.

Við ritun skýrslunnar var leitast við að fylgja þeirri stefnu að gera sem skilmerkilegasta grein fyrir forsendum, gögnum og útreikningum með það fyrir augum að auðvelda gagnrýni og skynsamlega umræðu um efni hennar.

English Summary

Aviation and car travel are competing modes of transportation. The competitive environment is altered when changes in circumstances occur which affect domestic flights or auto motives. The opening of the Hvalfjörður Tunnel or for that matter any road improvement will inevitably affect the domestic aviation adversely as driving distances from Reykjavík to points of destination will be reduced. To estimate the effect of road improvements on aviation we have built a model where the value an individual places on time plays a pivotal role in his choice of a mode of transportation. By utilizing this model model combined with a set of specific assumptions, we have calculated the effects of specific road improvement on the demand for domestic flights in Iceland. Taking into account the conditions that were prevailing at the beginning of 1997, this report indicates that when the Hvalfjörður Tunnel is opened for operation, there will be a reduction in domestic air travel demand in the range of 0% to 18% depending upon points of destination.

TABLE 1 *Forecast on the reduction in demand for domestic flight consequent to the opening of Hvalfjörður Tunnel*

Destination	Reduction in demand
Vestmannaeyjar	0%
Þingeyri	5%
Sauðárkrúkur	18%
Flateyri	10%
Ísafjörður	9%
Akureyri	12%
Siglufjörður	11%
Húsavík	7%
Egilsstaðir	0%
Höfn í Hornafirði	0%

The following set of disclaimers must be noted. The findings of this report are to a large extent dependent on the underlying assumptions assumed in this report. Particularly the results are very sensitive to the assumptions concerning the estimation of an individual value of time. In this model the distribution of wages is used as the basis for the individual value of time. There may be other factors which are more decisive in determining an individual's value of time when individual use their time value in decision making.

In this report we report the model's outcome when taking into account the effect of other road improvements on aviation. Our results imply that these improvements will have a considerable effect on domestic aviation. It is likely that the present flight schedule which includes several destinations will need to change considerably if economic viability is to be maintained.

Finally, an attempt is made to estimate the price elasticity of demand for domestic air travel. Our results imply that the demand for flights is very elastic i.e. much greater than one. Note that the outcome of the calculations performed for the elasticities is very sensitive to the criterion used for the individual's value of time.

All the calculations in the report are based on prices that were prevalent at the beginning of 1997 before the introduction of competition to domestic aviation. Since this time the price of domestic air flights has been considerably reduced. However, presently it appears that these reductions are unsustainable and the domestic airlines are currently increasing prices again. It is therefore difficult to forecast equilibrium outcome of the market. It is likely that the end price will be closer to the prices that were prevalent before the opening of the domestic market for flights. Thus it is reasonable to use these prices to calculate long-run effects of various external changes in circumstances on the demand for domestic flights. The lesson to be learned from the development of aviation during the past year is that our model overestimates the effect of price changes and road improvements on the demand for flight. Our experience seems to suggest that more variables need to be incorporated into the model to strengthen the forecasting power of the model.

1. Inngangur

Á hverjum tíma á sér stað hörð samkeppni milli flugsins og bílsins sem samgöngutæki. Tíðar flugsamgöngur til helstu þéttbýlissvæða á landinu gera neytendum kleift að velja á milli flugs og bíls til að komast á milli staða. Valið er að vissu leyti takmarkað af aðstæðum neytenda á hverjum tíma. Margir þættir hafa áhrif á þetta val. Helstu atriðin eru meðal annars:


- Hvort einstaklingurinn hefur bifreið til umráða.
- Færð á vegum og veður.
- Tímalengd ferðar og fjarlægð milli áfangastaða.
- Mismunandi kostnaður ólíkra samgöngumáta, s.s. verð flugmiða eða bensíns.
- Kaupmáttur einstaklinga.
- Aðrar persónulegar aðstæður.

Alla þessa og fleiri þætti taka neytendur til athugunar þegar ákvörðun er tekin um hvernig þeir ætli að komast á áfangastað. Á hverjum tíma ráða ólíkar aðstæður einstaklinga því að mismunandi ákvarðanir eru teknar við val. Þegar skoðaðar eru tölur yfir fjölda farþega sem fara um Reykjavíkurflugvöll kemur í ljós að hann hefur vaxið nokkuð stöðugt undanfarin fimm ár. Árið 1997 sker sig þó allverulega úr og stafar það af lækkun fargjalda sem varð í kjölfar afnáms sérleyfa á flugleiðum þann 1. júlí 1997. Ef einungis er skoðaður seinni hluti ársins 1997 kemur í ljós að fjölgun farþega á Reykjavíkurflugvelli var 19% miðað við árið á undan en ef allt árið er skoðað var fjölgunin um 12%. Tölur fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 1998 virðast benda til 13% aukningar umfram fyrstu þrjá mánuði fyrra árs.

TAFLA 1.1 *Fólksflutningar um Reykjavíkurflugvöll*

Ár	Innanlands- farþegar
1993	282.469
1994	303.580
1995	348.331
1996	351.429
1997	393.306

Heimild: Flugmálastjórn



MYND 1.1 *Fjöldi innanlandsfarþega um Reykjavíkurflugvöll*

Af þeim atriðum sem nefnd voru að framan virðist verðlækkunin sem varð í fyrra hafa leitt til fjölgunar þeirra sem fljúga. Verðbreytingar á bílum, bensíni og á verði flugmiða hafa áhrif á flugsamgöngur en einnig samgöngubætur á landi. Til þess að unnt sé að spá einhverju um áhrif slíkra breytinga á flugsamgöngur er nauðsynlegt að setja fram líkan um hegðun fólks við val á ferðamáta. Þar sem reynt er að skoða ákvarðanir fólks með þær breytur í huga sem nefndar eru hér að framan. Í því felst verkefni þessarar skýrslu. Í stuttu máli má skipta viðfangsefni hennar í þrennt. Í 2. kafla er sett fram fræðilegt líkan sem skýrir ferðaákvörðun fólks við mismunandi aðstæður. Í 3. kafla eru tíundaðar þær forsendur og þau gögn sem eru nauðsynleg við útreikninga skýrslunnar á áhrifum samgöngubóta á landi á flugsamgöngur og í 4. kafla eru birtar niðurstöður útreikninga skýrslunnar.

2. Fræðilegur grunnur

Í þessum kafla er varpað ljósi á hvaða þættir hafa áhrif á ferðaákvörðun fólks. Með því að ákvarða þessa þætti er hægt að setja fram líkan þar sem val einstaklinga milli ferðamáta er afleiðing skynsamrar hegðunar þeirra. Með líkaninu má síðar meta áhrif breytinga á valkostunum á val einstaklinganna.

2.1 Tímavirði farþega og ferðaákvörðun

Tími er takmörkuð gæði. Að verja tíma til hvaða nota sem er hefur því hagrænan kostnað í för með sér. Þessi kostnaður, oft nefndur fórnarkostnaður tíma, er jafnvirði þess ávinnings sem viðkomandi hefði haft af því að nota tíma sinn á annan hátt. Aukinn ferðatími flugfarþega felur í sér kostnað fyrir samfélagið, ekki aðeins vegna þess að vinnuafl nýtist ekki meðan á ferðatíma stendur heldur og vegna þess að vera kann að farþegi kysi heldur að eyða tíma sínum öðruvísi ef þess væri kostur. Einstaklingar gera sér að sjálfsögðu grein fyrir þessum kostnaði. Þetta endurspeglast m.a. í því að þegar ferð með áætlunarflugi tekur skemmri tíma en ferð með bifreið kýs farþeginn oft að borga meira fyrir flugið en bílfarið. Þannig má segja að velji farþeginn að greiða meira fyrir hraðari ferðamáta sé hann m.a. að kaupa sér styttri ferðatíma. Með því að kaupa sér tíma hefur hann gefið tíma sínum ákveðið virði, þ.e. verðlagt tímann.

Unnt er setja fram heildarkostnað einstaklings vegna ferðar á tiltekinn áfangastað á eftirfarandi hátt:

$$HK = F(t, v, p) \quad (2.1)$$

Hér er heildarkostnaður við ferð, HK , fall af tímalengd ferðar, t , tímavirði


einstaklingsins, v , og öðrum kostnaði við ferðina, p , t.d. verði farmiða. Einföld útgáfa þessarar kenningar er:¹

$$HK = p + vt \quad (2.2)$$

Samskonar jafna gildir fyrir ferðakostnað einstaklings hvort sem ferðast er með bifreið, flugi eða á annan hátt. Miðað við ferðamáta, i , verður jafna (2.2):

$$HK_i = p_i + vt_i, \quad i = 1, 2, \dots, I \quad (2.3)$$

þar sem I er fjöldi ferðamáta. Sérhver einstaklingur velur þann ferðamáta sem leiðir til minnstra útgjalda. Þetta má skýra með mynd.



MYND 2.1 *Samband tímavirðis og heildarkostnaðar*

Mynd 2.1 lýsir sambandi tímavirðis og heildarkostnaðar við að ferðast á tiltekinn áfangastað með annars vegar bifreið og hins vegar flugi. Hallatölur línanna eru tíminn sem það tekur að komast á áfangastað með ferðamátunum tveimur. Skurðpunktar við lóðréttá ásinn tákna annan kostnað en tímakostnað vegna ferðar, t.d. fargjald. Á mynd 2.1 er gert ráð fyrir því að heildarferðatími í flugi sé styttri en með bifreið. Því er halli línu heildarkostnaðar við akstur meiri en hinnar. Í flestum tilfellum er annar kostnaður en tímakostnaður hærri fyrir flugferð en bílferð, þ.e. $p_{flug} > p_{bifr}$. Því eru skurðpunktar línanna við lóðréttá ásinn þannig að

¹ Með því að gefa sér ákveðnar rekstrarhagfræðilegar forsendar um einstaklinga má leiða út jöfnu (1.2) sem niðurstöðu af hámörkun velferðar samanber við þennan kafla.

heildarkostnaðarlína flugs sker heildarkostnaðarlínu bifreiðar ofan frá. Að þessu verður vikið frekar síðar.

Framleiðni einstaklinga er misjöfn og því einnig tímavirði þeirra. Misjafnt tímavirði er helsta ástæða þess að ekki velja allir sama ferðamáta. Við tímavirði v_0 á mynd 2.1 er heildarkostnaður ferðar sá sami, hvort heldur sem farið er með bifreið eða flugvél, þ.e.²

$$v_0 = \frac{P_{\text{flug}} - P_{\text{bifr.}}}{t_{\text{bifr.}} - t_{\text{flug}}} \quad (2.4)$$

Eins og jafna (2.4) sýnir er v_0 gildið einungis fall af öðrum kostnaði og ferðatímanum og því óháð neytandanum.³ Táknið v_0 er kallað jafngildistímavirði. Einstaklingar með lægra tímavirði en v_0 munu væntanlega ferðast með bifreið en einstaklingar sem eru með hærra tímavirði en v_0 með áætlunarflugi.


Hægt er að hugsa sér að hafa þriðja valkostinn sem væri þá t.d. heildarkostnaður ef ferðast er með áætlunar bifreið. Gera má ráð fyrir því að ferð með áætlunar bifreið sé ódýrasti kosturinn ef verð ferðar er eingöngu skoðað. Á móti kemur að sú ferð tekur hvað lengstan tíma af valkostunum þremur. Ef kostnaðarlína ferðar með áætlunar bifreið væri sett inn á mynd 2.1 myndi hún skera kostnaðarlínu bifreiðar fyrir neðan v_0 sem gerir það að verkum að óþarf er að hafa áætlunar bifreið sem valkost í þeiri greiningu sem hér fer á eftir. Af þessari ástæðu og til einföldunar eru einungis tveir valkostir skoðaðir hér.

Þegar breyting verður á valkostum, þ.e. tíma- eða verðbreytingar, hefur það í för með sér hliðranir og breytingu á halla línnanna á mynd 2.1. Vegna tíðra verðbreytinga eru línumnar sífellt að hliðrast og samanburður valkosta síbreytilegur. Aftur á móti eiga breytingar á ferðatíma sér stað yfir lengri tíma. Dæmi um þetta eru samgöngubætur á landi sem gera það að verkum að stöðugt tekur skemmri tíma að ferðast milli áfangastaða. Bæði vegna þess að meðalhraði eykst á þjóðvegum landsins og vegna þess að einstakir vegakaflar eru að styttast með samgöngubótum. Við samgöngubætur á landi til tiltekins áfangastaðar i mun ferðatími til og frá Reykjavík með bifreið styttast. Einnig mun annar kostnaður fyrir bifreið, $p_{\text{bifr.}}$, lækka vegna lægri

² Ef heildarkostnaður við flugið er jafn heildarkostnaði við akstur, þ.e. $HK_{\text{flug}} = HK_{\text{bifr.}}$, þá er $p_{\text{bifr.}} + v_0 t_{\text{bifr.}} = p_{\text{flug}} + v_0 t_{\text{flug}}$. Í textanum er þessi jafna leyst fyrir v_0 .

³ Þessi niðurstaða byggist m.o.o. á þeiri forsendu að p sé óháð neytanda, þ.e. að allir aki eins bifreiðum til og frá flugvelli og kaupi eins farmiða, sem er auðvitað einföldun.

kostnaðar við að aka styttri vegalengdir. Áhrifum þessara samgöngubóta á jafnvægistímvirði fyrir áfangastað i má lýsa á mynd.



MYND 2.2 Heildarkostnaður í kjölfar breytinga á vegakerfi

Eins og sjá má á mynd 2.2 mun halli heildarkostnaðarlínunnar minnka í kjölfar breytinga á vegakerfi, auk þess sem skurðpunktur línlunnar hefur hliðrast upp á við. Hallabreytingin er til komin vegna minni tíma sem fer í að ferðast með bifreið. Hliðrun skurðpunkts endurspeglar lækkun $p_{bifr.}$, þ.e. lægri kostnað við að komast til áfangastaðar *i*. Við þessa breytingu mun skurðpunktur heildarkostnaðarlínu áætlunarflugs og heildarkostnaðarlínu bifreiðar færast upp og til hægri. Bæði styttri ferðatími og lægri aksturskostnaður valda því að jafnvægistímvirðið hækkar, þ.e.

$$\begin{aligned} \frac{\partial v_0}{\partial t_{bifr.}} &= \frac{-(p_{flug} - p_{bifr.})}{(t_{bifr.} - t_{flug})^2} < 0 \\ \frac{\partial v_0}{\partial p_{bifr.}} &= \frac{-1}{t_{bifr.} - t_{flug}} < 0 \end{aligned} \quad (2.5)$$

Einstaklingar sem hafa tímvirði á milli v_0 og v_1 munu hætta að nota áætlunarflug og nota bifreiðar í staðinn. Bilið $[v_0, v_1]$ fer eftir breytingu á ferðatíma með bifreið og breytingu á kostnaði við akstur. Fjöldi einstaklinga sem breytir um ferðamáta fer eftir stærð bilsins $[v_0, v_1]$ og dreifingu fólks á þetta bil, eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

2.2 Kostnaðarbreyting þeirra sem aka

Ekki er hlaupið að því að henda reiður á breyttum ferðakostnaði í kjölfar samgöngubóta. Meta þarf tímalækkunina, Δt , og lækkun annars kostnaðar, Δp , fyrir alla áfangastaði sem eru í samkeppni við flug. Auk þess þarf að ákvarða tímavirði einstaklinga.

Kostnaðarbreytingu fyrir einstakling með tímavirðið v sem heldur áfram að aka er hægt að lýsa með eftirfarandi jöfnu:

$$\Delta HK_{bifr.} = \Delta p_{bifr.} + v\Delta t_{bifr.} \quad (2.6)$$


Skipta má kostnaðarbreytingu í tvennt:

1. Styttri tíma tekur að komast á áfangastað vegna styttri fjarlægðar og hærri meðalhraða, þ.e. Δt .
2. Lækkun á aksturskostnaði $\Delta p_{bifr.}$. Lækkun kostnaðar við að komast á áfangastað, þ.e. minni notkun bifreiða, bensínkostnaður, slit á bifreið o.s.frv.

Um þessar breytingar er fjallað hér á eftir en þar er farið yfir samgöngubætur á einstökum leiðum.

2.3 Breytingar á ferðamynstri

Samkvæmt líkaninu sem sett var fram hér að framan mun farþegum í innanlandsflugi fækka við styttingu akstursvegalengda á landi. Fjöldi þeirra sem hætta að fljúga fer eftir því hve margir hafa tímavirði á bilinu v_0 til v_1 . Kostnaðarbreytingu einstaklings sem ætlar á ákveðinn áfangastað má lýsa með mynd.




MYND 2.3 Kostnaðarlækkun einstaklinga

Til þess að skoða kostnaðarbreytinguna er greiningunni skipt í þrennt:

- Fólk sem er með tímavirði undir v_0 ferðaðist með bifreið og mun halda því áfram. Dæmi um þetta væri einstaklingur með tímavirði v^* . Kostnaðarlækkun þessa einstaklings er lýst með samfellda strikinu við v^* sem er mismunur á milli kostnaðar af því að ferðast með bifreið fyrir og eftir breytingu.
- Fólk sem er með tímavirði milli v_0 og v_1 er fólk sem ferðaðist áður með flugi en ferðast eftir breytinguna með bifreið, sem nú verður hagstæðara fyrir það. Dæmi um þetta væri einstaklingur með tímavirði v^{**} . Kostnaðarlækkun þessa einstaklings er lýst með samfellda strikinu við v^{**} sem er mismunur á milli kostnaðar af því að ferðast með flugvél og kostnaðar af því að fara með bifreið eftir breytingar í samgöngum.
- Fólk með tímavirði sem er hærra en v_1 notar flugið fyrir og eftir breytinguna. Kostnaðaraukning þess er því engin.

Sérhver einstaklingur sem tekur ferðaákvörðun fellur í einn framangreinda flokka, a), b) eða c). Í hvaða flokk einstaklingarnir falla fer eftir tímavirði þeirra. Eðlilegt má teljast að tímavirði einstaklinga fari eftir framleiðni þeirra og að laun séu greidd í samræmi við framleiðni einstaklinga líkt og nýklassískar hagfræðikenningar gera ráð fyrir. Því er það sett fram sem forsenda hér að tímavirði einstaklinga sé það sama og

laun þeirra. Því þarf að meta launadreifingu einstaklinganna. Mikilvægt er að gera sér strax grein fyrir því að kjör stéttu eru mjög misjöfn og launadreifing þar af leiðandi og því er nauðsynlegt að skipta farþegum í stéttir. Með gögn yfir starfaskiptingu farþega er hægt að skipta farþegum í hópa og meta launadreifingu þeirra. Til að skýra mikilvægi launadreifingarinnar fyrir líkanið byrjum við á því að gera ráð fyrir að við höfum undir höndum launadreifingu starfstéttar j sem ætlar á áfangastað i , gerum enn fremur ráð fyrir því að launadreifingu þessarar stéttar sé lýst með þéttifallinu $f_{ij}(v)$ og að launadreifingin sé eitthvað í líkingu við það sem lýst er á mynd 2.4.




MYND 2.4 *Launadreifing*

Þessi skilgreining á launadreifingunni felur í sér að líkurnar á því að einstaklingur sem er tekinn af handahófi úr hópi j og ætlar til áfangastaðar i hafi tímavirði sem er hærra en v_0 séu

$$\alpha = \int_{v_0}^{\infty} f_{ij}(v) dv \quad (2.7)$$

þar sem α er flatarmál svæðisins undir þéttifallinu ofan við v_0 . Þessu má lýsa með mynd 2.5.




MYND 2.5 Launadreifing og líkur

Samkvæmt líkaninu eru það einstaklingar sem hafa hærra tímavirði en v_0 sem ferðast með flugi. Með því að við höfum launadreifingu þessara einstaklinga er hægt að skala launadreifingu þeirra þannig að eftirfarandi gildi:

$$\text{Fjöldi flugfarþega úr stétt } j = N_{ij} \int_{v_0}^{\infty} f_{ij}(v) dv = N_{ij} \alpha \quad (2.8)$$

Nú er fjöldi flugfarþega úr stétt j sem ætlar til áfangastaðar i þekktur og einnig þéttifall líkindadreifingarinnar og þar með er hægt að reikna út N_{ij} sem gagnir lykilhlutverki í því að reikna út hversu margir hætta að fljúga og taka þess í staðinn upp á því að aka. Þetta er skýrt á mynd 2.6.



MYND 2.6 Fjöldi einstaklinga sem hættir að fljúga

Á mynd 2.6 sést hvernig hægt er að reikna hversu margir hætta að fljúga í kjölfar samgöngubóta á landi. Svæðið fyrir ofan v_0 undir sköludu launadreifingunni er fjöldi farþega úr stétt j sem ætlar á áfangastað i . Eins og sýnt var á mynd 2.3 munu einstaklingar sem hafa tímavirði á milli v_0 og v_1 hætta að fljúga og nota bifreiðar í staðinn sem nú verður ódýrari valkostur. Fjöldi þessara einstaklinga er jafn svæðinu $abcd$ sem er svæðið undir hinni sköludu launadreifingu á milli v_0 og v_1 . Því er einfalt að reikna út samdrátt í flugi til áfangastaðar i .

$$\text{Samdráttur í flugi til áfangastaðar } i = \sum_j \int_{v_{0i}}^{v_{ti}} N_{ij} f_{ij}(v) dv \quad (2.9)$$

Með því að leggja saman alla áfangastaði er hægt að reikna út heildarsamdrátt í innanlandsflugi. Gera verður fyrirvara hér. Líkanið spáir í prósentum miðað við núverandi stöðu mála. Þannig er tekið tillit til núverandi verðlags sem endurspeglar núverandi rekstrar- og samkeppnisskilyrði. Því getur reynst nauðsynlegt á einhverjum leiðum að taka í notkun minni flugvélar og jafnvel að fella niður áætlunarflug til einhverra áfangastaða.


2.4 Aðferðir við mat á launadreifingu

Lögun launadreifingarinnar ræður úrslitum um fjölda þeirra sem hætta að fljúga, þ.e.a.s. fjölda þeirra sem liggja á milli v_0 og v_1 . Mat á lögun launadreifingar er því einn mikilvægasti þáttur þessarar rannsóknar.


Við mat á launadreifingu þarf að ákvarða hvort nota eigi stikaðar eða stikaðar (*e. non-parametric* eða *parametric*) matsaðferðir. Hér verður notast við stikaðar aðferðir. Það er vel þekkt að líkja megi eftir launadreifingu með log-normaldreifingunni. Log-normaldreifingu hendingarinnar W er lýst í jöfnu (2.10) þar sem hendingin X er normaldreifð:

$$X \sim N(\mu, \sigma^2), W = e^X \quad (2.10)$$

Einkennum log-normal dreifingarinnar er lýst á mynd 2.7 og mynd 2.8 fyrir nokkur ólík stikagildi og eins og sjá má er dreifingin ósamhverf. Hún tekur einungis jákvæð gildi líkt og á við um tekjur einstaklinga.



MYND 2.7 Log-normaldreifing með $\mu=2$ og breytilegt staðalfrávik



MYND 2.8 Log-normaldreifing með $\sigma=1$ og breytilegt meðaltal

Eins og sjá má á myndunum er dreifingin mjög breytileg eftir gildum á stíkum dreifingarinnar. Þessi dreifing hefur einungis two stíka og til að meta þá er nauðsynlegt að leiða út þéttifall hendingarinnar W . Til þess er hentugt að líta á dreififall hendingarinnar W sem er lýst í jöfnu 2.11

$$G(w) = P(W \leq w) = P(e^x \leq w) = P(X \leq \ln w), \quad 0 < w$$

p.s.

$$G(w) = \int_{-\infty}^{\ln w} \frac{1}{\sigma\sqrt{2\pi}} \exp\left[-\frac{(x-\mu)^2}{2\sigma^2}\right], \quad 0 < w \quad (2.11)$$

Með því að taka afleiðu $G(w)$ með tilliti til w , nota reglu Leibniz um afleiðu heildis og að $\ln(w) = x$, fáum við þéttifall W :

$$g(w) = \frac{1}{w\sigma\sqrt{2\pi}} \exp\left[-\frac{(\ln w - \mu)^2}{2\sigma^2}\right], \quad 0 < w \quad (2.12)$$

Með þessu þéttifalli má reikna út þéttifall allra athugana (*e. joint density function*):

$$f(\tilde{w}|\mu, \sigma^2) = \prod_s \frac{1}{w_s \sigma \sqrt{2\pi}} \exp\left[-\frac{(\ln w_s - \mu)^2}{2\sigma^2}\right], \quad 0 < w \quad (2.13)$$

Þar sem \tilde{w} er vektor athugana á tímakaupi einstaklinga í viðkomandi starfstétt, w_s eru laun einstaklings, s , í viðkomandi starfstétt og $s = (1, \dots, N)$ þar sem N er fjöldi einstaklinga. Með því að skilgreina þéttifallið sem líkindafall er hægt að meta μ og σ^2 með aðferð hámarkssennileika. Log-sennileikafallið verður því

$$\ell(\mu, \sigma^2 | \tilde{w}) = -\sum_s^N \left(\ln w_s + \frac{(\ln w_s - \mu)^2}{2\sigma^2} \right) - (N \ln \sigma + N/2 \ln 2\pi) \quad (2.14)$$

Með því að taka hlutafleiðu líkindafallsins með tilliti til μ og σ^2 fást eftirfarandi metlar:

$$\hat{\mu} = \frac{1}{N} \sum_s^N \ln w_s, \quad \hat{\sigma}^2 = \frac{1}{N} \sum_s^N (\ln w_s - \hat{\mu})^2 \quad (2.15)$$

Þessir metlar eru notaðir við matið sem lýst var að framan. Að lokum verður að taka tillit til þess að gögnin eru á formi launa fyrir skatt en þegar einstaklingurinn metur

tímavirði sitt þá reiknar hann tímavirði miðað við laun eftir skatt. Í þessu sambandi er tímakaup einfaldlega margfaldað með hlutfalli tekna eftir skatt. Þessi margföldun hefur ekki áhrif á dreifinguna að því leyti að dreifingin verður áfram log-normal þó að hún hliðrist. Það stafar af því að margfeldi tveggja log-normaldreifinga er log-normal. Þar sem verið er að margfalda með fasta má líta á hann sem log-normalhendingu með enga dreifni og þar með hefur margföldunin engin áhrif á tegund dreifingarinnar. Pannig mun launadreifingin endurspegla hrein laun.

Ástæða þess að dreifing launa er oft metin sem log-normal má að einhverju leyti rekja til eftirfarandi samhengis. Hugsum okkur að launamunur milli einstaklinga séu hlutfallsleg við laun annars einstaklingsins. Þ.a.

$$W_j - W_{j-1} = \varepsilon_j W_{j-1} \quad \text{og} \quad \varepsilon_j \sim \text{iid} \quad (2.16)$$

Þessa jöfnu má umrita þannig

$$\frac{W_j - W_{j-1}}{W_{j-1}} = \varepsilon_j. \quad (2.17)$$

Með samlagningu og með nokkurri nálgun fæst:

$$\sum_{j=0}^N \frac{W_j - W_{j-1}}{W_{j-1}} \approx \int_{w_0}^{w_N} \frac{dW}{W} = \log(W_N) - \log(W_0), \quad (2.18)$$

Þar sem

$$\log(W_N) = \log(W_0) + \varepsilon_1 + \dots + \varepsilon_N \quad (2.19)$$

Þar með er lógaritmi launa summa óháðra hendinga og er því normal-dreifður samkvæmt miðleitnisetningunni (e. *central limit theorem*). Þar af leiðir að ofangreind lýsing ætti við um laun væru þau log-normaldreifð.

Svo vikið sé aftur að metlunum í jöfnu (2.15) er ljóst að eingöngu er hægt að nota metlana í þeim tilfellum þar sem gögn fyrir launadreifingu eru til staðar. Í sumum tilfellum hefur ekki verið safnað gögnum um tekjudreifingu þessara hópa. Í því tilfelli verður að notast við aðrar aðferðir. Ein aðferð sem hægt er að notast við er að gefa sér fallform dreifingarinnar með almennum hætti. Hugsa mætti sér að launadreifing atvinnurekenda sé að einhverju leyti lík mynd 2.4. Ennfremur er hægt að gefa sér þá forsendu að þeir sem ferðast með flugi, þ.e. þeir sem eru ofan við v_0 ,

séu staddir á niðurhallandi hluta dreifingarinnar og að þannig megi nálgan þéttifall fyrir tímavirði þessa hóps ofan við v_0 með fallinu

$$f_i(v) = \frac{\gamma_i}{v^2} \quad (2.20)$$

þar sem γ_i er fasti en v er tímavirði eins og áður. Til að finna γ_i er notast við þá staðreynd að þeir einstaklingar sem ætla á áfangastað i með tímavirði hærra en v_0 ferðast núna með flugi. Þannig gildir að fjöldi flugfarþega úr hópi þessara einstaklinga til ákvörðunarstaðar i má lýsa með eftirfarandi jöfnu:

$$Fjöldi flugfarþega = N_i \int_{v_0}^{\infty} \frac{\gamma_i}{v^2} dv = N_i \frac{\gamma_i}{v_0} \quad (2.21)$$


Þar með er hægt að reikna ($N_i\gamma_i$) fyrir hvern áfangastað. Með þessa niðurstöðu er búið að reikna út hið skalaða þéttifall og því hægt að nota það við þá útreikninga sem lýst er að framan.

2.5 Verðteygni eftirspurnar í innanlandsflugi


Líkanið sem hér er sett fram er hægt að nýta á marga vegu og gefur það möguleika á mörgum ólíkum svörum. Dæmi um þetta er að hægt er að reikna út verðteygni eftirspurnar í innanlandsflugi. Verðteygni sem lauslega má skilgreina sem prósentubreytingu eftirspurnar við eins prósents breytingu í verði er skilgreind sem stærðin:

$$E_{Q,P} = \frac{\partial Q}{Q} \cdot \frac{P}{\partial P} \approx \frac{\% magnbreyting}{\% verðbreyting} \quad (2.22)$$

Undir venjulegum kringumstæðum er erfitt að meta þessa stærð þar sem nauðsynlegt er að þekkja eftirspurnarfallið. Með einföldum hætti er hægt að reikna verðteygni út frá forsendum líkansins sem hér hefur verið sett fram. Á mynd 2.9 og mynd 2.10 er lýst áhrifum eins prósents almennrar verðhækkunar flugfargjalds á eftirspurn.



MYND 2.9 Áhrif verðhækkunar á innanlandsflug



MYND 2.10 Samdráttur innanlandsflugs í kjölfar verðhækkunar

Eins og sjá má á mynd 2.9 mun heildarkostnaðarlína flugs hliðrast upp í kjölfar 1% verðhækkunar, hliðrun skurðpunkts við y-ás endurspeglar hækjun p_{flug} um 1%. Við þessa breytingu mun skurðpunktur heildarkostnaðarlínu áætlunarflugs og heildarkostnaðarlínu bifreiðar færast upp og til hægri sem veldur því að jafnvægistímavirið hækkar. Á mynd 2.10 má sjá áhrif verðhækkunar á eftirspurn eftir flugi. Fjöldi farþega var áður skilgreindur af svæðinu undir launadreifingunni ofan við v_0 , fjöldi farþega verður nú hins vegar svæðið undir launadreifingunni ofan við v_1 . Þannig er prósentubreytingin hlutfallið milli svæðisins $abcd$ og svæðis sem afmarkast af launadreifingunni ofan við v_0 . Með samskonar útreikningi og lýst var í

jöfnu (2.8) má reikna út samdrátt í eftirspurn eftir flugi fyrir alla tekjuhópana, leggja saman og reikna út samdrátt á áfangastað.



3. Helstu forsendur líkansins

3.1 Einkabifreið

Ein af mikilvægustu breytum líkansins sem sett er upp í 2. kafla er jafnvægisgildi tímavirðis (jafna 2.4). Jafnan gerir auðvelt um vik að reikna v_0 fyrir nokra áfangastaði, að gefnu því að nauðsynleg gögn um breyturnar p_{flug} , $p_{bifr.}$, $t_{bifr.}$, t_{flug} liggi fyrir. Enn fremur þarf að meta tímavirðisdreifingu farþega í innanlandsflugi til að hægt sé að spá fyrir um breytingar á farþegafjölda í kjölfar breytinga á ytri stíkum líkansins. Til þess að þetta sé mögulegt þurfa að liggja fyrir ýmis gögn auk nokkurra forsendna. Hér er leitast við að birta helstu gögn auk forsendna á sem skýrastan hátt.

3.1.1 Ferðatími og aksturskostnaður

Þeir áfangastaðir sem hér eru skoðaðir eru núverandi áfangastaðir Flugfélags Íslands hf. og Íslandsflugs hf. Í töflu 3.1 eru fjarlægðir sem liggja til grundvallar við útreikning á ferðatíma.

TAFLA 3.1 *Fjarlægðir og ferðatími þegar ekið er með bifreið*

Áfangastaður	Fjarlægð	Ferðatími í klst.
Vestmannaeyjar	60 km	04:10
Pingeyri	471 km	06:42
Sauðárkrúkur	363 km	05:12
Flateyri	524 km	07:26
Ísafjörður	536 km	07:36
Akureyri	432 km	06:10
Siglufjörður	445 km	06:20
Húsavík	523 km	07:25
Egilsstaðir	710 km	10:01
Höfn í Hornafirði	450 km	06:25

Heimild: Útreikningar Hagfræðistofnun

Til að reikna út ferðatíma með einkabifreið er deilt í vegalengd frá miðbæ brottfararstaðar til miðbæjar áfangastaðar með 80 sem er áætlaður meðalhraði bifreiða, mældur í km/klst. Við aksturstímann sem þannig fæst er bætt 20 mínútna aksturshvíld fyrir hverja þrjá tíma sem eknir eru. Upplýsingar um vegalengd og meðalhraða eru fengnar frá Vegagerðinni. Á ýmsum leiðum þarf að taka tillit til fleiri þátta en þeirra reiknireglna sem hér eru nefndar. Helst á það við um leiðina frá Reykjavík til Vestmannaeyja. Á þeirri leið þarf að nota Herjólf, ferjuna sem er í

flutningum frá meginlandinu til Eyja. Ferðin frá Reykjavík til Þorlákshafnar tekur tæplega klukkustund með einkabifreið. Áætlað er að farþegar Herjólfs séu mættir í ferjuna a.m.k. 30 mínútum fyrir brottför og siglingin taki 2 tíma og 45 mínútur. Að lokum er reiknað með að það taki 15 mínútur að fara frá borði og á áfangastað.

TAFLA 3.2 *Kostnaður á ekinn kílómetra*

Verðflokkur (kr.)	1.350.000	C: Bílastæðagjöld, þrif o.fl.
Þyngd (kg)	1.050	Bílastæðakostnaður
Eyðsla (l/100 km)	9	Þrif
Tryggingaflokkur	2	Kostnaður á ári
Eignarár	5	Kostnaður á km
Akstur á ári (km)	15.000	A+C á km
A: Kostnaður vegna notkunar		
Bensín, kostnaður pr. lítra	72	D: Verðmætarýrnun
Bensín, heildarkostnaður	97.200	Verðmætarýrnun á ári
Viðhald og viðgerðir	61.000	Verðmætarýrnun á ári (kr.)
Hjólbarðar	21.500	Kostnaður á km
Kostnaður á ári	179.700	A+B+C+D á km
Kostnaður á km	11,98	E: Fjármagnskostnaður
B: Tryggingar, skattar og skoðun		Raunvextir
Tryggingar	86.200	Vaxtakostnaður 6%
Skattar og skoðun	13.500	Kostnaður á km
Kostnaður á ári	99.700	Heildarkostnaður á ári
Kostnaður á km	6,65	Heildarkostn. á km
A+B á km	18,63	

Heimild: Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Við útreikning á kostnaði við að reka einkabifreið er stuðst við útreikninga FÍB á bifreiðarkostnaði árið 1996, sjá töflu 3.2. Gert er ráð fyrir að neytendur eigi einkabifreið. Þetta gerir það að verkum að einungis er tekið tillit til breytilegs kostnaðar til skamms tíma, þ.e. kostnaðar vegna bensíns, hjólbarða, bílastæða, þrifa, viðhalds og viðgerða. Eða liða A og B í töflu 3.2. Annar kostnaður telst ekki með þar sem einstaklingurinn telst hafa stofnað til hans áður en ferðaákvörðun er tekin og telst hann því sokkinn. Við framkvæmd kostnaðar-/ábatagreiningar hjá Vegagerðinni er reiknað með að 1,95 manns séu í bifreið að meðaltali og við þá tölur er notast hér. Því er deilt með 1,95 í kostnað á ekinn kílómetra til að fá aksturskostnað á einstakling.

3.1.2 Breytingar á vegakerfi

Á næstu árum eru fyrirhugaðar ýmsar endurbætur á íslenska vegakerfinu sem gera munu það að verkum að leiðir munu styttast. Ein veigamesta breytingin er opnun Hvalfjarðarganga í júlí 1998 sem veldur því að leiðin milli Reykjavíkur og Akureyrar styttist um 42 kílómetra. Þar sem Vegagerðin býr við nokkra óvissu hvað varðar fjárveitingar frá ríkinu eru framkvæmdir flokkaðar eftir því hversu líklegt er að þær nái fram að ganga. Í töflu 3.3 eru birtar tölur yfir fjarlægð frá Reykjavík til nokkurra staða á landinu eftir því hversu mikið af áætlunum Vegagerðarinnar nær fram að ganga.

TAFLA 3.3 Breytingar vegalengda frá Reykjavík í kjölfar samgöngubóta

Áfangastaður	Lengdarbreytingar				
	1.1.97	A Fyrirsjáanlegar	B Líklegar	C Hugsanlegar	D Ólíklegar
Akureyri	431 km	389 km	389 km	389 km	378 km
Sauðárkrúkur	361 km	319 km	319 km	319 km	308 km
Húsavík	522 km	480 km	480 km	478 km	467 km
Egilsstaðir um Norðurland	699 km	653 km	653 km	653 km	642 km
Egilsstaðir um Suðurland	697 km	697 km	680 km	676 km	616 km
Þingeyri, Steingrjh., Djúp	580 km	538 km	538 km	500 km	500 km
Þingeyri, Þorskafjh., Djúp	543 km	484 km	484 km	484 km	484 km
Þingeyri, Vestfjv. (Dynj.h)	469 km	410 km	410 km	405 km	405 km
Ísafjörður, Steingrjh., Djúp	538 km	496 km	496 km	458 km	458 km
Ísafjörður, Þorskafjh., Djúp	501 km	442 km	442 km	442 km	442 km
Ísafjörður, Vestfjv. (Dynj.h)	517 km	458 km	458 km	453 km	453 km
Höfn í Hornafirði	459 km	459 km	442 km	442 km	442 km

Heimild: Vegagerðin

Til að átta sig betur á því um hvaða framkvæmdir sé að ræða er í töflu 3.4 sýnd staðsetning þeirra framkvæmda sem stytta vegalengdir á þjóðvegum landsins.

TAFLA 3.4 Styttigar á leiðum flokkaðar eftir staðsetningu framkvæmda

	Þjóðvegur nr.	Staðsetning og stytting
A. Fyrirsjáanlegar (eftir 1-2 ár)		
	1	Hvalfjörður 42 km
	60	Gilsfjörður 17 km
	1	Við Grímsstaði á Fjöllum 4 km
B. Líklegar	1	Um Svínafell í Öræfum 4 km
	1	Hornafjarðarfljót 11 km
C. Hugsanlegar	1	Berufjörður 4 km
	60	Gufufjörður 5 km
	60/61	Um Arnkötluðal 21 km
	85	Skjálfandafljót 2 km
D. Ólíklegar	1	Um Auðkúlu (sunnan Blönduóss) 11 km
	939	Axarvegur 60 km

Heimild: Vegagerðin

3.2 Flug

Til að reikna út ferðatíma í flugi er notaður flugtími að viðbættum þeim tíma sem það tekur að ferðast frá brottfararstað til flugvallar og frá flugvelli á leiðarenda. Flugtími er byggður á mælingum Flugfélags Íslands hf. og Íslandsflugs hf. á flugtíma flugvéla sinna í innanlandsflugi. Þegar reiknaður er út tíminn sem fer í að komast á flugvöll frá brottfararstað er gert ráð fyrir að einstaklingur aki frá flugvelli til miðbæjar þess kjarna sem flugvöllurinn þjónar. Gert er ráð fyrir að meðalhraði bifreiða innan þessa svæðis sé 60 km á klukkustund. Þá er reiknað með því að farþegi sé mættur á flugvöll 30 mínútum fyrir brottför. Tíminn sem það tekur að endurheimta farangur við komu og yfirgefa flugvöll er áætlaður 25 mínútur. Samkvæmt þessum forsendum og gögnum er áætlaður ferðatími með innanlandsflugi eins og birt er í töflu 3.5.

TAFLA 3.5 Ferðatími í innanlandsflugi

Áfangastaður	Ferðatími
Vestmannaeyjar	01:48
Þingeyri	01:47
Sauðárkrókur	02:03
Flateyri	02:35
Ísafjörður	02:05
Akureyri	02:08
Siglufjörður	02:17
Húsavík	02:24
Egilsstaðir	02:20
Höfn í Hornafirði	02:26

Heimild: Flugfélag Íslands hf. og Íslandsflug hf.

Í 2. kafla kemur fram að nauðsynlegt sé að búa yfir gögnum um fjölda flugfarþega á áfangastaði til að skala til launadreifingar. Í töflu 3.6 er fjöldi flugfarþega á áfangastaði sýndur. Um er að ræða samanlagðan fjölda flugfarþega Íslandsflugs hf. og Flugfélagi Íslands hf. árið 1995.

TAFLA 3.6 Fjöldi flugfarþega í innanlandsflugi

Áfangastaður frá Reykjavík	Farþegar
Vestmannaeyjar	47.488
Pingeyri	2.518
Sauðárkrókur	9.038
Flateyri	4.026
Ísafjörður	45.303
Akureyri	116.596
Siglufjörður	6.264
Húsavík	10.087
Egilsstaðir	46.747
Höfn í Hornafirði	14.932
Samtals:	309.168

Heimild: Flugfélag Íslands hf. og Íslandsflug hf.

Í tengslum við töflu 3.6 er áhugavert að skoða fjölda flugfarþega pr. íbúa á landinu. Að öðru jöfnu má búast við að íbúar staða sem eru langt frá Reykjavík eða eru óaðgengilegir bílaumferð nýti flug frekar en aðrir íbúar.

TAFLA 3.7 Hlutfall farþega af íbúum 1995

Svæði:	Farþegar á hvern íbúa
Reykjavík	2,04
Patreksfjörður og Bíldudalur	6,72
Ísafjörður, Flateyri og Þingeyri	10,37
Hólmavík og Gjögur	2,22
Sauðárkrókur og Siglufjörður	2,21
Akureyri, Húsavík, Mývatn og Grímsey	6,56
Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn og Vopnafjörður	2,86
Egilsstaðir, Norðfjörður, Borgarfjörður og Breiðdalsvík	6,43
Hornafjörður	5,37
Vestmannaeyjar	15,72
Vegið meðaltal:	2,86

Heimild: Flugmálastjórn

Athyglisvert er að Vestmannaeyjar hafa mestan fjölda farþega á hvern íbúa. Vegna staðsetningar eyjanna og þar sem ferðir með Herjólfi taka langan tíma í samanburði við flug hafa flugsamgöngur hlutfallslega yfirburði yfir bifreiðar. Einnig ber að vekja athygli á því í töflu 3.7 hvernig hlutfallið hækkar því fjær sem dregur frá Reykjavík með fáeinum undantekningum þó. Þannig er hlutfallið á Sauðárkróki og Siglufirði mjög lágt enda tiltölulega greið leið til höfuðborgarinnar frá þessum stöðum.

Við útreikning á p_{flug} , þ.e. öðrum kostnaði við flug, er stuðst við meðalflugfargjald að viðbættum kostnaði við akstur til og frá flugvelli. Með upplýsingum frá Flugfélagi Íslands og Íslandflugi er reiknað út vegið meðalfargjald í samræmi við markaðshlutdeild flugfélaganna árið 1996. Við þessa tölu er síðan bætt aksturskostnaði til og frá flugvelli. Annar kostnaður, p_{flug} , við flug á hvern áfangastað er birtur í töflu 3.8.

TAFLA 3.8 Kostnaður við flug

Áfangastaður	Annar kostnaður við flug
Vestmannaeyjar	2.848,-
Pingeyri	3.636,-
Sauðárkrókur	4.263,-
Flateyri	4.125,-
Ísafjörður	4.602,-
Akureyri	4.916,-
Siglufjörður	4.562,-
Húsavík	5.302,-
Egilsstaðir	5.313,-
Höfn í Hornafirði	5.052,-

3.3 Greining ferðahraða og ferðatíma

Áhugavert getur verið að bera saman ferðatíma í flugi og með einkabifreið. Á mynd 3.1 er borinn saman heildarferðatími eftir því hvort farið er með áætlunarflugi eða einkabifreið milli staða sem eru í 90 til 410 km loftlínufjarlægð hvor frá öðrum. Einn kílómetri í loftlínufjarlægð svarar til 1,65 km til 1,95 km á landi. Þetta hlutfall fæst með því að bera saman fjarlægð á landi við loftlinu. Ferlarnir eru byggðir á niðurstöðum aðfallsgreiningar þar sem ferðatíminn er settur fram sem fall af vegalengdinni. Niðurstöður aðfallsgreingarinnar fyrir bifreiðar eru birtar í jöfnu 3.1 þar sem tölur í svigum tákna t -gildi.

$$\log(t_{bijr.}) = -17,56 - 0,0015 \cdot \log(\text{loftlínufjarlægð}) \quad R^2 = 0,79 \quad (3.1)$$


$$(17,11) \quad (-7,09)$$

Mat fyrir samskonar jöfnu fyrir flug er birt í jöfnu 3.2.

$$\log(t_{flug}) = -1,13 - 0,0004 \cdot \log(\text{loftlínufjarlægð}) \quad R^2 = 0,32 \quad (3.2)$$

$$(-27,65) \quad (-2,49)$$

